



Flugmálastjórn Íslands

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006



Lokaskýrsla

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangsorð	5
Orðskýringar	6
Handrit æfingarinnar	7
Almennt um framgang æfingarinnar	8
Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir	10
Vettvangsstjórn → Rögnvaldur Ólafsson	12
Flugvöllur → Árni Birgisson, Bjarni Sighvatsson og Kristján Torfason.	13
Slökkviþáttur → Jón Friðrik Jóhannsson	15
Björgunarsveitir → Ingólfur Haraldsson	16
Aðhlyningarstjóri → Jóhanna S. Kristjánsdóttir	18
Sjúkrahjálp á vettvangi, söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (HSSA) → Bára Benediktsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Sólrún Rúnarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir	20
Áfallahjálp/salgæsla → Margrét Blöndal – Guðrún Eggertsdóttir - Jóhann Thoroddsen	22
Rauði kross Íslands → Jón Brynjar Birgisson María Helena Haraldsdóttir	24
Rannsókn → Þorkell Ágústsson	25
Fjarskipti → Jónína Sigurðardóttir – Jónbjörn Bogason	26
Lögreglan á Höfn: Aðgerðarstjórn – Vettvangsstjórn – Gæslustjórn – Rannsókn vettvangs → Einar Sigurjónsson, Páll Björnsson, Gunnar Ingi Valgeirsson og Sigurður Guðnason.	27
Slysavarnadeildin Framtíðin → Þorbjörg Helgadóttir og Guðrún Ósk Óskarsdóttir	30
Neyðarlínan 112 → Kristján Hoffmann	32
Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð → Björn Halldórsson	33
Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason	34



Þessi skýrsla er gefin út af Flugmálastjórn Íslands en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
 Kristján Torfason kristjan@caa.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@caa.is

Inngangsorð.

Daganna 11-13 maí sl. var haldin flugslysaæfingin Hornafjörður 2006. Æfingin var liður í því skipulagi Flugmálastjórnar Íslands að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugmálastjórn, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Að þessu sinni var verkefnið langt í hendur heimamanna. Endurskrifuðu þeir skýrsluna til samræmis við nýtt form. Voru þeir mjög fljótir að endurskoða / endurskrifa nýja flugslysaáætlun

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna. Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og hvað vel fór á æfingunni..

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.

Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna.. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við sérhæfða starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slys)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála. Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsröðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar-og vettvangsstjórnna. Dæmi um lausnaraðila eru:

slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, aðhlyningarsamtök og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórnna þegar umfang aðgerða krefst þess.. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.



Ljós.Hjördís FMS

Handrit flugslysaæfingarinnar.

Klukkan 13:00 tilkynnir flugturninn á Hornafirði um flugslys. Dornier 328 vél sem var að koma inn til landingar á braut 36 virðist, að sögn flugumferðarstjóra, fá á sig skyndilegt niðurstreymi og rekst annar vængur flugvélarinnar í jörðina rétt við brautarendann og brotlendir flugvélin. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta sem dreifðust aðallega austan við brautina. Miklir eldar loga í hluta flaksins og farþegar eru fastir inni í flakinu.

Um borð eru áætlaðir 27 farþegar og 3 manna áhöfn (getur fjölgað / fækkað).

Áverkaskipting þolenda er: 4 látnir, 7 rauðir, 7gulir, 12 grænir.



Ljós.Hjördís FMS

Almennt um framgang æfingarinnar.

Áætlað var að flugslysæfingin "Hornafjörður 2006" hæfist kl.11:00 laugardaginn 13.mái sl. Af tæknilegum ástæðum var ákveðið að fresta henni til kl. 13:00 og um það leiti hófst hún.

Svo sem verið hefur á undangengnum æfingum þá hafði vettvangurinn verið sýndur og kynntur á kynningarfundum og svo aftur á stöðufundi kvöldi fyrir æfinguna. Flugslysæfingar eru ekki keppnisæfingar þar sem keppt er um besta tímann. Þvert á móti er ætlast til að menn vinni hægar, gefi sér tíma til að veita og meta hluti til þess að geta tekið sem skynsamlegastar ákvarðanir.

Flugslysæfingar snúast um samvinnu margra ólíkra aðila þar sem hver viðbragðseining veit ágætlega hvernig hún á að vinna sín sérhæfðu verk en eru í mörgum tilfellum alls óvanir að vinna með mörgum öðrum. Samvinna og samþætting er því rauði þráðurinn í öllum flugslysæfingum.

Slysavettvangurinn var við og austan við suðurenda flugbrautarinnar. Hann var byggður upp á nokkuð hefðbundinn hátt þ.e. að nægilega mörg og hæfilega ögrandi verkefni væru fyrir viðbragðsaðila. "Flakið" var dreift um nokkuð stórt svæði, myndarlegir eldar loguðu, fólk var fast í braki, slasaðir lágu og hrópuðu á hjálp, minna slasaðir ráfuðu um svæðið.

Aðkoma fyrsta manns á vettvang (flugbrautarvarðar) var ekki öfundsverð en fljótlega dreif að fleiri hjálparmenn sem tóku verkefnið föstum tókum. Æfingin gekk vel í heild. Hún var ekki hnökralaus en hin fullkomna æfing verður aldrei haldin. Það gafst miklu betur að nota flugstöðina sem söfnunarsvæði slasaðra heldur en vélageymslur flugvalla sem oft hafa verið notaðar í slíkum tilgangi. Flæði sjúklinga var gott. Nokkrum hluta þeirra var hleypt hraðar í gegn en efni stóðu til. Var þetta gert til þess að þeir lausnaraðilar sem taka við þeim sem minna slasast og aðstandendum þeirra fái verkefni fyrir en oft hefur verið.

Frekar illa gekk að útvega sjúklinga en á síðari stigum tók lögreglan málið föstum tókum með þeim afleiðingum að fjöldi þeirra varð umfram það sem óskað hafði verið eftir og gekk því sá þáttur fullkomlega upp og vel það.

Heimamenn lögðu mikla vinnu í undirbúning og framkvæmt æfingarinnar. Það skilaði sér í góðum vinnubrögðum og oft hugmyndaríkum úrlausnum.

Nú þegar heimamenn fá þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að í lok æfingarinnar, á meðan voru að kasta mæðinni héldu, viðbragðseiningar fundi þar menn báru saman bækur sínar, skrifuðu niður það sem þeim fannst vel hafa farið og ekki síður það sem þeim fannst að mætti bæta, breyta eða gera allt annan hátt. Nú er boltinn hjá ykkur, heimamenn. Þið vitið hvað þig gerðuð rétt og vel. Hér hafið þið einnig skrifað hvað bæta má. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu. Flugmálastjórn og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir ánægjuleg viðkynni.



Hornafjarðarflugvöllur
Kort 1

Flugslýsaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugmálastjórn, Slökkvilið Akureyrar, SHS, Áfallahjálparteymi, Lögreglan á Höfn. Mér til aðstoðar voru einnig Elsa Benediktsdóttir Akureyri og Don hjá FMS.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi, síðan á SSS > HSSA > Fjöldahjálparstöð

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Undirbúningur gekk þokkalega vel, Lögreglumaður á Höfn var tengiliður og sá um að undirbúa og útvega allt það sem þarf vegna leikara á æfingunni. Þetta var svolítið lengi að komast í gang. Líklegt að próflok og ýmislegt sem var í gagni í bænum sé orsök þess hve illa gekk að ná upp í tölu leikara. Þetta gekk þó allt upp að lokum með frábæru átaki hjá Lögreglumönnum á Höfn sem smöluðu leikurum á æfinguna á síðustu metrunum. 110 % mæting leikara á æfingadaginn, sem gerist ekki oft. ☺ Aldrei þessu vant hef ég eiginlega engu að kvarta yfir. ☺

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Förðunarnámskeið var haldið og 4 konur frá Höfn tóku þátt. Þær útbjuggu alla áverka á æfingunni og gerðu það eftirminnilega vel. Frábær frammistaða.

Leikarakynning gekk vel 20 manns mættu, en við vissum ekki hve margir myndu mæta á æfingadag. Það mættu síðan 34 leikarar á æfingadag, einstaklega vel brugðist við hjá Lögreglunni á Höfn við að útvega leikara síðasta sólarhringinn fyrir æfingu.

Leikarar voru flestir 14-15 ára en við vorum einnig með eldri leikara, sá elsti fæddur 1936. Þeir sýndu mikla þolinmæði og vegna veðurs var lítið kvartað um kulda. Margir áttu frábæra spretti og sýndu flottan leik á æfingunni.

Skráning og ut anumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Farþegalisti var tilbúinn vel tímanlega og stóðst 100%. Staðreynd að setja þarf 2 aðila í skráninguna sem eru góðir tölvumenn.

Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk mjög vel þar sem samvinna við SA og SHS sem sáu um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel.

Veðrið var frábært, þöntum svoleiðis fyrir næstu æfingu !!!!

Þakkir til allra sem komu að umsjón og undirbúningi leikara á æfingunni. Þið stóðuð ykkur frábærlega. Takk fyrir okkur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjórn	Rögnvaldur Ólafsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysavettvangi og í flugstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Mannaskipan í vettvangsstjórn hefði mátt liggja fyrir fyrir og undirbúningur þeirra hefði mátt byrja fyrir. Undirbúningur vettvangsstjórnarinnar varð því ekki eins góður og æskilegt hefði verið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Vandamál var með fjarskipti á svæðinu (VHF) og verður að komast að því hvernig þau geti farið betur. Ein leið væri að setja upp tengingar fyrir talstöðvar í sal flugstöðvarinnar, með loftneti á þaki. Eins mætti bæta við talstöð í flugturni sem gæti nýst vettvangsstjóra. Reynt var að nota tengingu um VHF gátt um ADSL til Samhæfingarstöðvarinnar í Reykjavík en sú leið var ekki að fullu virk. Vegna mannfæðar í vettvangsstjórn var engin til að skrá tæmandi logg fyrir hana.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Sá stutti tími sem var til undirbúnings var vel nýttur og mannskapurinn var mjög áhugasamur. Vel tókst til með leikara æfingarinnar og voru þeir að gera góða hluti. Heimamenn unnu mjög gott starf í undirbúning flugslysaáætlunarinnar sjálfrar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Vettvangsstjórnin og verkpáttastjórar stóðu sig vel í að afgreiða þau verkefni sem þeim voru falin. Talningin þolenda gekk upp.

Flugslysæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flugvöllur	Árni Birgisson, Bjarni Sighvatsson og Kristján Torfason.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsmenn Flugmálastjórnar og starfsmenn flugrekanda.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi, í flugturni og í flugstöð.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki var öllum lykil aðilum ljóst hvernig hermt yrði eftir sjúkraflugi og við hvaða tíma yrði miðað (tími stytur til að hægt væri að æfa sjúkraflugið).

Bakskipulag/æfingarstjórn tryggji betri fræðslu fyrir lausnaraðila um það hvernig hermt verði eftir sjúkraflugi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Nokkuð vantar á að fjarstýringar að suðurhliði séu til í

viðbragðsbifreiðum, þannig að þeir komist óhindrað inn á flugsvæði.

Annaðhvort er að tryggja öllum bifreiðum fjarstýringar og/eða að upplýsa alla skilmerkilega um hvar opunarhnapp hliðs er að finna. Þá þarf að vera ljóst hvort ætlunin sé að nota hlið norðan- eða sunnanmegin við flugstöð.

SSS og SSL skiltin voru hengd upp en BTB og MOT ekki vegna óvissu um við hvort hliðið þau ættu að fara.

Best er að skilja þau eftir í bílskúrnum þar sem aðrar bjargir vallarins eru geymdar þar til ákvörðun hefur verið tekin hvar þau eiga að fara upp. Þá vita vonandi flestir hvar er hægt að ganga að þeim.

Umferðarstjórnun (flaggpóstun) fór úr böndum og fóru nokkrir bílar inná

braut eftir að turn hafði beðið um lokun. Ef til alvöru kæmi gæti það að

sjálfsögðu haft hinar verstu afleiðingar. Aðal ástæðan var reynsluleysi

fólks sem var að vinna í framandi umhverfi. Þótt þetta sé verkefni

starfsfólks á vellinum má alltaf búast við að kalla þurfi til hjálpa.

Aldrei má láta fólk í umferðastýringu við flugbrautir nema það sé í fjarskiptasambandi við flugturn. Flugturn verður að síðan að stjórna fólkinu og leiðbeina. Nauðsynlegt og lítið mál er að æfa slíkt með starfsfólki og björgunarsveitarfólki. Nota keilur til að minnka umferðarsvæði.

Fram kom á rýnifundi að skortur hefði verið á teppum í flugstöð

Þar sem þörfin fyrir teppi á slysstað er brýn frá fyrstu mínútu, er rétt að öll teppi flugvallarins fari strax á slysstað. Aðrar bjargir s.s. Björgunarfélag skilji eftir ákv. fjölda teppa á SSS þegar komið er á staðinn..

Vandræði voru með fjarskipti til og frá flugstöð.

Setja upp fasta VHF stöð td.í veitingasölu og auka útiloftnet með harðtengingum fyrir handstöðvar og ættu þá fjarskipti að vara nokkuð trygg.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Almennt má segja að allt frá vinnu við gerð viðeigandi kafla í flugslysaskýrslu til þess að framkvæma í áætlunina í verki hafi tekist með ágætum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Hreinsun flughlaðs af fólki, lokun flugstöðvar, tilkynning til fólks í flugstöð, hliðstýring og almenn aðstoð við SSS var vel af hendi leyst.

Ekki er nokkur vafi á því að sú ákvörðun að nota flugstöð sem SSS var til mikilla bóta frá fyrri æfingum þar sem tækjageymslur hafa að mestu verið notaðar hingað til. Öll aðkoma, vinnuaðstaða og vinnu umhverfi eru bæði sjúklingum og björgunarfólki til hagsbóta. Hagur sjúklinga er forgangur allra æfinga og skipulags og kostirnir umfram galla við þessa breytingu eru yfirgnæfandi.

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slökkvilið	Jón Friðrik Jóhannsson Árni Ómar

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið á Höfn og flugvallarverðir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slyssað

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Upplýsingaflæði hefði mátt vera betra strax í upphafi þ.e. slökkviliðsstjóri hefði mátt setja sig í samband við flugvallarverð og fá stöðuna hjá honum þar sem hann var búinn að kanna svæðið nokkuð vel í upphafi.

Í byrjun fóru báðir slökkvibílar úr bæjarliðinu að slökkva sama eldinn en hefðu mátt skipta vettvanginum á milli sín sem þeir gerðu síðan fljótlega.

Slökkviliðsmennirnir voru byrjaðir að færa sjúklinga burt frá mesta hættusvæðinu strax í byrjun en voru stoppaðir af í því. Við ræddum það á rýnifundi eftir æfingu að það hefði verið flott að gera þetta þar sem viðkomandi sjúklingar lágu á milli flakanna sem voru að brenna. Slökkviliðsstjóri var sammála því að hann hefði ekki átt að stoppa sína menn en hann taldi mikilvægt að slökkva eldana sem fyrst og fara síðan í að bjarga fólki.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Greinilegt að flugvallarverðir og slökkvilið voru búnir að undirbúa sig vel og eru vel þjálfaðir og sprækir strákar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Það var gaman að sjá hversu úrræðagóðir slökkviliðsmennirnir voru þrátt fyrir ýmsar gildirur og óhöpp með verkfæri þá var alltaf einhver ný lausn fundin til að vinna verkið. Klippurnar brotnuðu, slípirokkur brann yfir o.fl.

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Björgunarsveitir – Slysstaður, SSS, gæsla, AS, VS	Ingólfur Haraldsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Björgunarfélag Hornafjarðar, Slysavarnardeildin Framtíðin og Svæðisstjórn svæði 15

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Slysstað, SSS, VS, AS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki voru allir aðilar klárir á sínu hlutverki í skipulaginu eða hvert hlutverk annarra er.

Tillaga til úrbóta: Allir viðbragðsaðilar ættu að hafa sinn hluta úr flugslysaáætluninni útprentaðan (í plasti) á áberandi stað hjá öllum sem hafa hlutverk í áætluninni


Vesti almannavarna eru úrelt og miðast ekki við nýtt skipulag. Það væri gott ef til væru vesti merkt; Vettvangsstjóri, Björgunarstjóri, Gæslustjóri og Aðhlyningarstjóri. Þá fer ekkert á milli mála hverjir gegna þessum lykil stöðum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Fjarskipti gengu ekki sem skyldi. Flugstöðvarbyggingin skermar af öll þráðlaus fjarskipti þar sem hún er bárujárnsklædd að utan og klædd með málmí að hluta til að innan. Einnig virtust einhverjir lykilaðilar ekki vita á hvaða rásum þeir ættu að vinna, sérstaklega þeir sem áttu að vinna á tveimur rásum og hafa tvær talstöðvar.

Til athugunar: Mest allan tímann voru öll farartæki sem skilgreind eru í áætlun á slystað og engin faratæki til að flytja annan búnað eða aðföng.

Tillögur til úrbóta: Sett verði upp VHF loftnet á þak flugstöðvarinnar og það tengt með coax-kapli öðru loftneti inni í flugstöðinni. Loftnetið sem staðsett yrði inni gæti vísað niður og jafnvel staðsett beint undir loftnetinu á þakinu.



Fjarskiptaplan flugslysaáætlunarinnar ætti að vera útprentað (í plasti) á áberandi stað hjá öllum sem hafa hlutverk í áætluninni.

Gæslustjóri hafði ekki yfirsýn yfir ytrilokun og setti Framtíðarkonur ekki í sitt hlutverk fyrr en þær höfðu upp á honum og gáfu sig fram við hann. Þær höfðu

Þá beðið í 45 mín á þeim stað sem skilgreint er í flugslysaáætlun að þær ættu að bíða

Tillaga til úrbóta: Skilgreina þarf betur hlutverk Framtíðarinnar fyrir fram og þær að kynna sér hvar talstöðvar ofl sem þær eiga að nota er geymt.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Keyrsla æfingarinnar gekk vel sem var sönnun á góðum undirbúningi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þjörgunin gekk vel og voru flestir vel inni í sínu hlutverki. Flæði var mjög gott á SSS

Fluglysæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Aðhlyningarstjóri - HSSA	Jóhanna S. Kristjánsdóttir

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?
SSS

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Pegar læknir og sjúkrabíll komu á svæðið vantaði að þeir fengju upplýsingar um að það væri óhætt að fara inn á flugbrautina. Lausn: Starfsmaður í flugturni láti lækni fá upplýsingar um hvenær megi fara út á flugbraut.

Athugasemd: Lítil bæjarfélög liggja ekki með mikið af vökvum, lyfjum og eiga ekki neyðarblöð og fáliðuð af heilbrigðistarfsfólki. Lausn: Skilgreint sé í Samhæfingarstöð og Neyðarlínu að við stærri slys á stöðum sem þessum sé tilbúinn listi yfir búnað og mannskap sem senda þarf strax af stað.

Móttökusvæði (MÓT) á flugvelli var ekki virkjað. Þar af leiðandi var engin skráning fyrir starfsmenn inn á svæðið og enginn til að hleypa þeim inn. Lausn: Björgunarsveitin skilgreini starfsmann í að virkja strax MÓT.

Við uppsetningu á SSS lentu starfsmenn strax í vandræðum þar sem engin teppi voru á svæðinu, þau höfðu öll lent út á slysstað. Lausn: Skilgreina þarf ákveðinn fjölda teppa sem eru alltaf í flugstöðinni.

Búnaður flugvallar fór allur á slysstað, en nýttist ekkert, þar sem björgunarstjóri og aðrir á slystað vissu ekki af búnaðinum. Þar sárvantaði hálskraga, spelkur og teppi. Lausn: Búnaður afhendist björgunarstjóra.

Búnaður úr sjúkrabíl nýttist ekki þar sem hann var alltaf í flutningum. Lausn: Búnaður tekinn strax úr sjúkrabíl og afhendist björgunarstjóra.

Gæslustjóri/lögreglumaður var lítið sýnilegur á vettvangi, og lentu því öll skilaboð um talningu og slíkt á björgunarstjóra sem var meira sýnilegur. Var þetta vegna sambandsleysis á vettvangi og þurftu þeir að fara af vettvangi til að vera í fjarskiptasambandi.

Fjarskipti virkuðu ekki fyrir aðhlyningarstjóra, þar sem ekki var samband inni í flugstöðvarbyggingunni og þurfti fjarskiptamaður aðhlyningarstjóra að vera staðsettur fyrir utan bygginguna, og bar hlaupari skilaboð þeirra á milli. Lausn: Endurskoða þarf öll fjarskipti í tengslum við flugstöðina og allt hérðaðið.

Flutningar gengu mjög treglega frá slysstað til SSS, verst í upphafi. Lausn: Tryggja þarf fleiri farartæki á vettvang. Einnig gekk illa að fá flutning slasaðra frá greiningarsvæði yfir á SSS - aðhlyningarsvæði. Lausn: Í áætlun björgunarsveitar / Slysavarnardeildar þarf að vera skilgreint starfsfólk í að aðstoða við að flytja slasaða úr greiningu yfir á aðhlyningarsvæði á SSS.

Búnaður barst ekki frá heilsugæslu á SSS. Lausn: HSSA tryggir flutning á sínum búnaði til SSS.

Skilaboð frá SSS í gegnum aðgerðastjórn til prests skiluðu sér ekki. Lausn: Aðgerðastjórn tryggi upplýsingaflæði til prests. (Prestur sé til staðar á SSS, sjá neðar)

Aðalinngangur á flugstöðvarbyggingu var aldrei læst og gat hver sem er ráfað

inn. Lausn: Gæslustjóri tryggir að aðalinngangi sé strax lokað.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Það gekk greiðlega að kalla út starfsfólk HSSA.

Bráðaflokkun á vettvangi gekk hratt og vel, en ruglingur varð með talningarspjöldin og vantaði svörtu spjöldin.

Samvinna aðila á slysstað var mjög góð, og voru allir öruggir í sínum hlutverkum.

Það að hafa SSS inn í flugstöðvarbyggingunni reyndist mjög vel og verður inn í okkar skipulagi áfram.

Vel gekk að setja upp SSS.

Það reyndist vel á SSS að búið var að skilgreina annað starfsfólk þangað ss.

Slysavarnarstarfsfólk, Rauða Kross starfsmenn og Björgunarsveit

Mjög góð samvinna var á meðal allra eininga sem tóku þátt í æfingunni

Áverkamat á greiningarsvæði gekk mjög vel þannig að aldrei myndaðist töf og reyndust nýju spjöldin vel

Það gekk hratt að fá búnað og starfsfólk frá Reykjavík. Kl 13.15 er beðið um aðstoð og lendir fyrsta vél kl14.20. (líklega flýtt vegna æfingarinnar ☺)

Talning gekk vel

Fjarskifti milli SSS og heilsugæslu gengu vel ef fjarskiftamaður var úti!

Það reyndist vel að prestur var kallaður út á flugstöð til að sinna aðstandendum og öðrum sem þar voru, æskileg væri að prestur væri áfram staðsettur á SSS

Flutningur sjúklinga af svæðinu gekk vel.

Flutningur grænna á heilsugæslu gekk vel, og fór starfsfólk af SSS með þeim.

Þeir eru ekki sendir af flugstöð fyrr en allir rauðir og gulir eru farnir í sjúkraflugi. Var þetta ásættanlegur eftirlitstími ef meiri áverkar leyndust hjá grænum sjúklingum.

Heilsugæslan var vel undirbúin og annaði vel þeim fjölda grænna (12) sem kom þangað.

Flugslysæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Sjúkrahjálpi á vettvangi, söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (HSSA)	Bára Benediktsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Sólrún Rúnarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir frá LSH / LL,

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (HSSA)

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Kristín Sigurðardóttir og Sólrún Rúnarsdóttir á vettvangi (síðar á SSS), Bára Benediktsdóttir á söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og Guðbjörg Pálsdóttir á HSSA.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Slysstaður:

- Bráðaflokkun: 35 af 37 þolendum fengu bráðaflokkunarspjöld en einungis 30 bárust í talningu til gæslustjóra. → Nauðsynlegt er að öll talningaspjöld berist til talningastjóra og allir þolendur séu bráðaflokkaðir.
- Þörf er fyrir meiri búnað á vettvangi, s.s. teppi og húfur.

SSS:

- Skilgreina þarf þann búnað sem eftir verður úr kerru Flugmálastjórnar í flugstöðvarbyggingu, eins og t.d. teppi.
- Hafa þarf skipulagða fræðslu um hvernig talningarmálum er háttað á svæðinu.

HSSA:

- Ekki fékkst raunverulegur flutningur á birgðum frá HSSA til SSS, frá aðgerðastjórn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

SSS:

- Fjarskipti aðhlyningarstjóra virkuðu ekki öll sem skyldi.

HSSA:

- Fjarskipti í gegnum talstöð voru ekki nógu hrein. → Tryggja þarf viðunandi fjarskipti inn á stofnunina, fyrir utan síma.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Almennt:

- Kennsla og þjálfun fyrir starfsfólk HSSA og björgunarsveitir var vel sótt. Mikill faglegur áhugi fyrir hendi og til fyrirmyndar.
- Starfsfólkið var áhugasamt og fljótt að tileinka sér samhæfð vinnubrögð, nýju bráðaflokkunarspjöldin og hlutverk heilbrigðisgeirans í neyðarskipulagi Almannavarna (SÁBF).
- Hópslysaáætlun HSSA er vel unnin og raunhæf.

SSS:

- Starfsfólk HSSA var vel undirbúið, gekk öruggt til verka og þekkti sín hlutverk.

HSSA:

- Góð vinna var lögð í undirbúning þessarar æfingar og lá mikill faglegur áhugi þar að baki.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Slyssaður:

- Bráðaflokkun, aðhlynning þolenda og flutningur á SSS var fumlauð og til fyrirmyndar. Allar starfseiningar skiluðu sínu hlutverki mjög vel.

SSS:

- Flutningur SSS inn í flugstöð kom mjög vel út og er til eftirbreytni.
- Uppsetning á svæðinu gekk mjög vel og undirbúningurinn skilaði góðum árangri.
- Áverkamatið gekk hratt og örugglega, samvinna milli allra starfseininga innan SSS góð og starfsfólk öruggt á sínum hlutverkum.
- Flutningur þolenda af SSS gekk mjög vel.
- Samskipti við vettvangsstjóra voru til fyrirmyndar.
- Talningin gekk upp.

HSSA:

- Hópslysaáætlun HSSA er vel unnin og raunhæf.
- Stjórn og framkvæmd innan veggja HSSA gekk vel og framganga starfsmanna til fyrirmyndar.
- Vel gekk að halda skipulagi utan um flæði og meðferð þeirra tólf sjúklinga sem komu á HSSA (allir innan ca 30 mín).

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Áfallahjálp - sálgæsla	Guðrún Eggertsdóttir Jóhann Thoroddsen Margrét Blöndal

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
HSSA, Hornafjarðardeild Rauða kross Íslands, kirkjan.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSA í Hafnarskóla, Fjöldahjálparstöð í Heppuskóla, SSS á Hornafjarðarflugvelli.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Illa gekk að útvega leikara til að leika aðstandendur þrátt fyrir að vel væri að verki staðið. Hugmynd að Rk deild bjóði íbúum upp á námskeið í sálrænni skyndihjálparviku fyrir æfingu gegn því að leika aðstandendur.
- Einn ráðgjafinn komst ekki á æfinguna vegna mistaka og leit út fyrir að það kæmi ekki að sök vegna þess að umfang þessarar æfingar var í minna lagi. Ljóst er að það þarf 3 ráðgjafa á æfingunni sjálfri sérstaklega vegna viðrunarfunda fyrir leikara.

Ein kona á SSS - græna svæði var með barn sem var mikið slasað og var tekið af henni, síðar dó barnið. Konan var mjög óróleg, í andlegu áfalli og þurfti að fá einhverjar upplýsingar. Sigríður frá HSSA sem hafði umsjón með græna svæðinu reyndi ítrekað að fá þær frá aðhlyningarstjóra en var sagt að væru engar. Hún óskaði einnig eftir að fá prest á svæðið fyrir konuna en það var ekki gert. Í raunveruleikanum yrði reynt að leysa úr þessu og taka konuna afsíðis því hún þurfti næði og hafði stuðandi áhrif á aðra "sjúklinga". Hún var ekki það mikið slösuð að hún hefði getað farið á heilsugæslustöðina þegar læknir var kominn þangað, hitt prest þar og verið sameinuð látna barninu með viðeigandi stuðningi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Sr. Sigurður kom á SSS eftir að starf hófst þar en gaf sig ekki fram við aðhlyningarstjóra. Hann gerði sig sýnilegan minnti fólk á að hafa samband við sig ef þyrfti. Í upphafi svona aðgerðar er andleg þjáning ekki sett í forgang fram yfir líkamleg meiðsl. Prestur hefði samt nýst á græna svæðinu fyrir amk einn sjúkling því t.d. var andleg þjáning móður þar, trúlandi fyrir aðra sjúklinga og hætta á langvinnnum vanda að fá ekki viðeigandi stuðning sem fyrst.
- Fyrstu klukkustundir er presturinn á Höfn einn að störfum og er störfum hans væntanlega forgangsraðað í að sinna ættingjum látinna eða deyjandi.

Samráðshópur áfallahjálpar hefði viljað fá áfallahjálparteymi og fleiri presta en ekki var reynt á að óska eftir þeirri aðstoð til aðgerðarstjórnar.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Lausnaraðilar voru mjög jákvæðir sýndu mikinn áhuga og góða þátttöku í öllum undirbúningi og fræðslu fyrir æfingu.
- Tókst að lokum að finna 9 leikara/"aðstandendur" sem léku snilldarlega vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Yfirlæknir HSSA óskaði eftir því að sett yrði inn í flugslysaáætlun Hornafjarðarflugvallar að sóknarpresturinn fari beint út á flugvöll í útkalli vegna flugslyss. Hann var komin þangað 15 mínútum eftir útkall og tók að sér aðstandendur sem þar voru. Þar sem þeir voru mjög truflandi og höfðu þeir ekki gott af því að vera á flugvöllinum fór presturinn á endanum með á SSA.
- Sr. Sigurður Kr. Sigurðsson var mjög hreyfanlegur á milli svæða og leysti sín verkefni fumlaut.
- Sigríður fulltrúi heilbrigðisþjónustu í samráðshóp áfallahjálpar fór með klst. fyrirvara í nýtt hlutverk á æfingunni á græna svæðinu á SSS. Þar stóð hún sig mjög vel og lagði mikla áherslu á andlega stuðning.
- Konur úr Kvennadeildin Framtíðin innan Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og sjálfboðaliðar RkÍ voru til aðstoðar á græna svæði á SSS. Voru notuð í ýmis verkefni á svæðinu og sýndu slösuðum almennt mikla umhyggju.
- Fulltrúi heilbrigðisþjónustunnar í samráðshóp áfallahjálpar á Höfn þarf að taka þátt í fyrstu hjálp eftir slys og kemur ekki inn í samráðshópinn fyrir en eftir að starfi heilbrigðisþjónustunnar á SSS og HSSA er lokið. Var í öllum sínum störfum mjög meðvituð um framhald eftirfylgdar sálræns stuðnings fyrir þolendur.
- Megin þungi sálræns stuðnings í fjöldahjálpinni fór fram á SSA því fáir komu á fjöldahjálparstöðina og seint. Samstarf fulltrúa kirkju og RkÍ í samráðshóp gekk vel svo og allur sárænn stuðningur.

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp	Jón Brynjar Birgisson María Helena Haraldsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Hornafjarðardeild Rauða kross Íslands, sóknarprestur, Slysavarnadeildin Framtíð.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSA í Hafnarskóla, Fjöldahjálparstöð í Heppuskóla, SSS á Hornafjarðarflugvelli.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<ul style="list-style-type: none">Söfnunarsvæði aðstandenda var ekki skipulagt fyrirfram í Hafnarskóla.Búnaði í fjöldahjálparstöð var ábótavant.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis – æfing:
<ul style="list-style-type: none">Mikill flöskuháls að komast inn á svæðið. Slysavarnadeild og Rauða kross deild biðu lengi eftir að fá að komast inn í flugstöðina..Starfsfólk SSA var ekki með reglulega stöðufundi með aðstandendum.Starfsfólk á SSA hefði á köflum þurft að samræma upplýsingar til aðstandenda.Faxtæki virkuðu ekki. Nöfnin voru því hringd inn í SST og þar var hakað við eftir farþegalista.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<ul style="list-style-type: none">Fræðsla ráðgjafahópsins í sálrænum stuðningi og skyndihjálp nýttist vel.Deildin tók mun betur þátt í undirbúningi æfingarinnar en sumar þeirra hafa gert á fyrri æfingum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:
<ul style="list-style-type: none">Rauða kross fólkið á flugvellingum var mjög ánægt með samstarfið við Slysavarnadeildina og aðhlyningarstjóra.Rauða kross hópurinn var vel innstilltur og vann verk sín fumlaut þótt menn hefðu almennt ekki mikla reynslu að baki.Verkþættir Rauða krossins gengu upp.

Almennt:

Æfingin var án allra öfuga og heimamenn voru yfirvegaðir og faglegir í sínum verkum. Rauða kross deildin á ekki talstöðvar en samt var ákveðið að prófa notkun þeirra í samskiptum fjöldahjálparstjórans við fjöldahjálparstöð, SSA og fulltrúa Rauða krossins í aðgerðastjórn.

Það gekk vel upp.

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Rannsóknarþáttur	Porkell Ágústsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rannsóknarnefnd flugslysa (Bragi Baldursson) rannsakaði slys eftir að björgunarþætti var lokið.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Fylgdi rannsakanda. Á Höfn er útkall kom. Við slysstað til að taka myndir í byrjun, svo í flugturni, aftur á slysstað, og loks á heilsugæslu.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

1. Tel ekki rétt að afhenda símaskrá í undirbúningi fyrir æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

1. Fjarskipti voru léleg
Hringdi í 112 og bað um samband við lögreglu í Höfn. Það endaði alltaf inn á samskiptamiðstöð lögreglunnar aftur. Gat ekki fengið samband við lögreglumann á vettvangi. Fékk loks uppgengið GSM númer (spurning hvort það hafi komið af símaskránni sem var afhent í upphafi æfingar) hjá Vettvangsstjóra. Vettvangsstjóri gat ekki gefið mér upp GSM númer hjá Björgunarstjóra. Náði loks sambandi við Björgunarstjóra með því að keyra á vettvang.

Mér finnst persónulega ekki rétt að afhenda símaskrár í upphafi æfingar. Hluti æfingarinnar er að finna út úr samskiptamálum án þess að fá hjálp.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

1. Undirbúningur var til fyrirmyndar.
2. Mikil jákvæðni og samkennd einkenndi alla sem að æfingu stóðu.
3. Hjúkrunarfólk var mjög faglegt og lét mann vita ef maður var að trufla of mikið.
4. Slys var mjög vel sviðsett.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjarskipti	Jónína Sigurðardóttir Jónbjörn Bogason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Allar starfseiningar

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Fórum á milli starfseininga

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Prófun á fjarskiptakerfi fyrir æfinguna hefði mátt vera ítarlegri þ.e. manna starfsstöðvar á flugvelli og í AS og prófa sambandið þannig.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

VHF fjarskiptakerfið virkaði ekki sem skyldi þó að búnaður væri nýr eða nýlegur. Talað var stöð í stöð. Slæmt samband var á milli aðila sem staddir voru í flugstöðinni (SSS) og aðila á slysavettvangi þó að aðilar væru í sjónmáli. Samband datt út þegar aðilar fóru útfyrir flugbrautina. Eina endurvarpsrásin sem var nothæf (VHF rás 3) var óskýr og ekki heyrðist í/heyrðist illa í aðilum sem notuðu þessa rás. Reynt var að hafa VHF samband í SST í Skógarhlíð á rás 3 en það samband virkaði ekki.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Prófun á fjarskiptakerfinu sem fór fram viku áður og fimmtudaginn 11.maí gekk vel og var samband á öllum rásum sem notaðar voru í æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Fjarskiptin voru nothæf. Bæta þarf loftnet á handstöðvum og setja upp öflugri loftnet á hússtöðvar. Fjölga þarf endurvörpum í VHF kerfinu sérstaklega í kringum staði eins og flugvelli þar sem stærri atburðir geta orðið. Björgunaraðilar eru í góðri þjálfun þannig að menn stóðu ekki ráðalausir þó að fjarskiptin klikkuðu

Fjarskiptin koma til með að verða á lagi þegar Tetra svæðið verður útvíkkað en VHF kerfið nýtist á afmörkuðum svæðum

Flugslýsaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Lögreglan á Höfn	Einar Sigurjónsson Páll Björnsson Gunnar Ingi Valgeirsson Sigurður Guðnason

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Aðgerðarstjórn, Vettvangsstjórn, Gæslustjórn, Rannsókn vettvangs

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

- Boðun aðila þegar óhappið var orðið tók of langan tíma. Alls liðu um 9 mín frá fyrstu boðum þangað til lögregla fékk boðin sem verður að telja langan tíma í neyðaraðgerð sem þessari. Fyrstu fregnir lögreglu af atvikinu voru í gegnum blaðamann sem hringdi á lögreglustöð og spurði fréttu af flugslýsi á Hornafjarðarflugvelli.
- Fulltrúi björgunarsveita sem tilnefndur var í vettvangsstjórn ásamt fulltrúa lögreglu og fulltrúa slökkviliðs þarf framvegis að vera reyndur í stjórnun og fjarskiptum (svæðisstjórnarmaður ekki almennur björgunarsveitarmaður). Eins þarf fulltrúi slökkviliðs að koma tímanlega inn í vettvangsstjórnina til að verkaskipting milli aðila í vettvangsstjórn verði markvissari, sér í lagi í upphafi aðgerðar þegar áreiti er hvað mest á vettvangsstjórn.
- Tryggja þarf betri aðstöðu til fjarskipta fyrir vettvangsstjórn í flugturni. Trúlega væri best að setja upp fasta vettvangsstjóratalstöð í turninum (25W) til fjarskipta við aðgerðarstjórn og aðra talstöð til samskipta innan vettvangs. Á flugvelliinum er til ein talstöð sem nýta mætti í þetta, en hún var sett upp í vélageymslu fyrir æfinguna árið 2000 og þjónar ekki tilgangi þar lengur þar sem SSS hefur verið færð í flugstöðvarbygginguna. Ef upp væru settar tvær stöðvar með 25 w sendistyrk og útiloftneti ætti að vera hægt að komast fyrir það fjarskiptaleyfi við sjálfan slysstaðinn sem skapaðist á æfingunni 13. maí.
Fjarskipti virkuðu aðeins nokkrum dögum áður þegar gerð var fjarskiptaæfing og náðist gott samband við flugturn. Spurning er hvort einhver tæki hafa verið í gangi á vettvangi sem hafa ruglað fjarskiptabylgjur og sett fjarskiptin úr lagi.
- Aðhlyningarstjóri var utan fjarskiptasambands þegar hann var inni í flugstöðinni og mætti hugsa sér að bæta þetta með því að setja upp útiloftnet á flugstöð sem hægt væri að tengja handtalstöð við inni í flugstöðinni.
- Betur þarf að standa að innri lokun og umferðarstjórn á SLY. Huga þarf að því að setja upp keilur og borða til að fyrirbyggja að lokunin leysist upp eins og raunin varð á æfingunni. Eins þurfa lögreglumenn og aðrir gæslumenn að vera meðvitaðri um mikilvægi lokunarinnar.

<p>6. <i>Bæta þyrfti aðstöðu aðgerðarstjórnar með þeim hætti að styttra yrði frá aðgerðarstjórninni sjálfri yfir í fjarskiptarými. Eins þarf að taka mið að því að hugsanlega yrði önnur starfssemi í húsnæði björgunarsveitarinnar ef um raunverulegan atburð yrði að ræða eða við einhvers konar annars konar almannavarnaástand og því ónugt að vera með aðgerðarstjórnina í sal hússins þannig stjórnarmenn þurfi að ganga um eldhús og tækjageymslu til að hitta fjarskiptamenn.</i></p>
<p>7. Óviðunandi er fyrir lögreglu að hafa einungis eina lögreglubifreið til umráða þegar slys á borð við það sem sviðsett var á æfingunni eiga sér stað. Sannaðist þetta á æfingunni þegar lögreglubifreið þurfti að yfirgefa vettvang til að komast í fjarskiptasamband og lokun innri vettvangs þá í uppnámi á meðan. Eins hefur þetta sannað sig í raun</p>
<p>8. Huga mætti að því að lögregla kæmi sér upp sérstakri vettvangsbúnaðarkerru sem innihéldi lokunarbúnað, teppi o.fl sem nýst gæti. Einnig mætti hugsa sér að á búnaðarkerrunni væri bátur með mótör til nota ef slys yrði á sjó.</p>
<p>9. Björgunarfólk sem sinnti sjúkraflutningum virti að mestu lokanir og leiðbeiningar um hvernig ætti að fara um vettvang en eitthvað vantaði upp á að sjúkraflutningamenn RKÍ virtu sömu reglur</p>
<p>10. Spurning er hvort fela ætti gæslustjóra að hafa umsjón með flaggpóstum í stað þess að hafa það á ábyrgð flugvallarstarfsmanns. Myndi verða hægur vandi að leysa þetta mál með talstöðvarsambandi við gæslustjóra (flugbylgju), og myndi það þá minnka hættu á misskilningi að hafa alla umferðarstjórn á jörðu niðri á ábyrgð eins aðila.</p>

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

1. Það er okkar mat að flugturninn hafi verið mjög vel fallinn til að hýsa vettvangsstjórn á flugvallarsvæðinu. Þarna var nálægð við flugradíómann á vellinum góð sem auðveldar samskipti og góð yfirsýn yfir vettvang.
2. Það er okkar mat að það hafi verið mjög af hinu góða að hafa björgunarstjóra úr röðum björgunarsveitar en ekki slökkviliðs þar sem menn voru almennt mjög ánægðir með hve aðgengilegur hann var.
3. Samskipti við RNF gengu vel.
4. Talning þolenda á vettvangi gekk upp og gaf góða raun að slysavarnakonur sæju um þetta verk. Lögreglumenn eru sammála um að það talningarkerfi (talningarspjöld) sem notað var væri gott.
5. Björgunar og slökkvistarf gekk mjög vel, og vinnubrögð fagleg og fumlaus.
6. Björgunarfólk bar virðingu fyrir sönnunargögnum á vettvangi og virti almennt reglur um umgengni við vettvang.
7. Samstarf við starfsmenn RLS og FMS var með miklum ágætum í undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar.
8. Björgunarfólk, heilbrigðisstarfsfólk og aðrir sem að úrlausn verkefnisins komu störfuðu faglega og sem ein heild að úrlausninni og voru allir vel inni í þeim hlutverkum sem þeim voru ætluð.
9. Samskipti manna á milli góð eftir að fjarskiptasamband náðist almennilega.

Flugslysaaefingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Slysavarnadeildin Framtíðin	Þorbjörg Helgadó. Guðrún Ósk Óskarsd

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan á Höfn og Heilsugæslan á Höfn

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Hornafjarðarflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Pegar við komum á biðsvæðið á flugvellingum og áttum að vinna undir stjórn Gæslustjóra þá var hann hvergi sjáanlegur svo að við vorum óvirkar í nokkuð langan tíma. Við vissum ekki um talstöðvar sem okkur voru ætlaðar svo að við notuðum þær ekki í samvinnu við gæslustjóra. Ein kona frá okkur var tekin í að stjórna flugumferð sem okkur var ekki kunnugt um að við ættum að gera og hefði verið ágætt að vita það bara til að einhverjar gætu kynnt sé það starf. Það var alltaf talað um að það ætti að skrá öll ökutæki inn á slystað og út aftur og eins að skrá björgunarfólkið sem með bílunum komu en þetta var ekki gert allavegana ekki af talningarkonum hjá SVD Framtíðinni.

Úrbætur eru kannski bara að hafa skýrt hvað starfseiningin SVD Framtíðin á að gera og getur lent í að gera þá er hægt að hafa það á blaði í húsi félagsins og að félagskonur geti kynnt sér að hlutverk og vitum að hverju við erum að ganga. Það er hæpið að láta einhvern og einhvern í að stjórna flugumferð á þess að vita hvað rautt eða grænt þýðir en alveg hægt ef búið er að kynna það fyrir viðkomandi ef það er löglegt. Væri ekki eðlilegra að starfsmenn flugvallarins væru með þessi mál á sinni könnu?.

Einnig vil ég koma því á framfæri að við í hópi SSS kölluðum ítrekað eftir handklæðum ég fór sjálf upp í vettvangsstjórn og sagði að það vantaði í alvöru handklæði en þau komu ekki og þetta er bagalegt í æfingu að vita að hlutirnir eru til enn ekkert kemur. Svona hluti þarf líka að æfa hvernig þeir komast á slysstað.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þegar við komum á biðsvæðið og gáfum okkur fram að við værum komnar á slystað þá kom strax kall frá aðhlyningarstjóra og var konum skipað í verkefni strax og alltaf nóg að gera fyrir allar sem þar voru á söfnunarsvæði SSS. Þegar gæslustjóri var komin í leitirnar gekk allt mjög vel í hópi talningarfólks.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Boðanir - 112	Kristján Hoffmann

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
112

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Samhæfingarstöð

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- 1) Vegna sjúkraflutninga hefði verið þægilegra að hafa fulltrúa FMS í SST.
- 2) Boðun á Lögreglu > Hornafirði fer fram í gegnum Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra en það er lengri leið en þyrfti að vera. Áður sá 112 um beina boðun á vakthafandi útkallslið og viðbótarlið, ef þörf var á, en breyting varð á því í ársbyrjun 2006. Öll útkallssamskipti við lögreglu landsins fara fram í gegnum Fjarskiptamiðstöðina. 112 lætur lögreglumenn fjarskiptamiðstöðvar vita strax af yfirstandandi atburði á landsvísu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Illu gekk að virkja loftbrú. Einungis um helmingur flugfélaga svaraði útkallssímum þeim sem eru skráðir á eyðublað um loftbrú. Þetta tafði mikið fyrir virkjun.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Samskipti í samhæfingarstöð gengu vel, æfingin var vel uppsett og boðun viðbragðsaðila gekk smurt.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

Flugslysæfingin Hornafjörður 2006 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
SST	Áhöfn SST

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Samhæfing á landsvísu

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

- Beiðnir um bjargir þurfa að vera rökstuddar.
 - AS óskaði eftir sjúkratjaldi og sérhæfðum mannskap með því þegar farið var að hilla undir lok björgunar. Vandséð var hvað gera átti við tjaldið því þegar það kæmi austur á Höfn yrði búið að flytja slasaða burtu.
 - AS óskaði eftir tveimur þylum varnarliðsins austur, þær voru ekki nýttar til sjúkraflutninga. Hver var tilgangurinn með að óska eftir þeim austur?
- SST hefði hugsanlega átt að grípa inní vegna sjúkratjalds.
- Þær skráningarupplýsingar sem eðlilegt væri að lægju fyrir undir lok æfingar, bárust ekki í SST.
- Misræmi var í upplýsingum um fjölda slasaðra.
- Miðað við reynslu SST virtist bera á reynsluleysi og skorti á þjálfun hjá AS.
- Ekki beint samband við aðhlyningarstjóra eða tengilið hans því voru upplýsingar til fulltrúa LL ónákvæmari en hefði átt að vera.
- Eðlilegt hefði verið að tengiliður frá FMS hefði verið í SST í æfingu af þessu tagi.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

- Æfingin virtist hafa rúllað mjög vel og virtist ganga greiðlega að flytja polendur af slysstað á SSS.
- Samband við AS var gott.
- Auðvelt að ná sambandi við AS.
- AS bað um þær utanaðkomandi bjargir sem á þurfti að halda.

Flugslysaæfingin Hornafjörður 2006

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Fundargerð rýnifundar 14.5.2006	Kristján Torfason

Árni Birgisson æfingastjóri setti fundinn og sagði m.a. að tilgangur fundarinnar væri að draga fram lærdóm af æfingunni og í kjölfarið yrði flugslysaáætlunin uppfærð.

Bjarni Sighvatsson Flugmálastjórn greindi frá því að æfingin hafi verið “land” æfing. Til þess að allir viðbragðsaðilar gætu fengið æfingu var keyrð “sjó” æfing á laugardagsmorgninum með þátttöku Björns lóðs og Ingibjörgu og var þar æfð boðun og fjarskipti. Af einhverjum ástæðum fékk Björn lóðs ekki boð en æfingin gekk að öðru leiti vel.

“Land” æfingin gekk í aðalatriðum mjög vel en nokkur smáatriði þarf að skoða. Samhæfing var góð og talning gekk vel. Einhverjir hnökror voru á fjarskiptum og þarf að setjast yfir það mál og kanna hvar ástandið var ekki í lagi og reyna að bæta þar úr. Sú breyting var gerð að SSS var flutt úr vélageymslu inn í flugstöðina og var það til mikilla bóta.

Vigdís Agnarsdóttir Flugmálastjórn sagði að lagt hafi verið upp með það að leikrar yrðu 30 og gekk frekar illa til að byrja með að fá þá. Það rættist úr því og tóku 37 leikarar þátt í æfingunni Leikarar stóðu sig í aðalatriðum mjög vel og kvörtuðu lítið um kulda þrátt fyrir lágt hitastig. Flestir leikararnir voru sáttir við meðferðina sem þeir fengu en þó hafi nokkrir haft orð á því að sumir björgunarmenn hafi ekki tekið æfinguna nógu alvarlega. Hún sagði frá því að einn leikarinn hafi tekið að sér að leika látinn flugstjóra. Að lokum þakkaði hún lögreglu og bæjarstjórn fyrir veitta aðstoð við öflun leikara.

Einar Sigurjónsson vettvangsstjóri sagði að boðun til lögreglu hafi komið þeim spáskt fyrir sjónir. Klukkan 13:07 hafi hringt blaðamaður og spurt um slysið og 9 mínútum síðar kom boð frá Neyðarlínunni (112) og fór þá lögreglan á vettvang. Þrír lögreglumenn á frívakt voru kallaðir út. Hann sagði að flugvallaslökkviliðsmaðurinn (Ásgeir Núpan) hafi verið of upptekinn til að hafa stöðufund en honum hafi verið tilkynnt um yfirtöku á vettvangsstjórn. Hann sagðist hafa flutt vettvangsstjórn (VS) í flugturninn. Þá sagði hann frá nokkrum hnökrum í fjarskiptum þrátt fyrir að fjarskiptaprófun viku áður hafi gengið vel. Fjarskipti við aðgerðarstjórn (AS) gekk vel en meira upplýsingaflæði hefði mátt vera í báðar áttir milli AS og VS. Talning gekk vel. Grænir sjúklingar voru fluttir framhjá heilsugæslunni til að skapa áreiti á fjöldahjálpastöð. Æfingin gekk mjög vel og engin stórmál væru til úrlausnar. Verkþáttastjórnar stóðu sig mjög vel.

Ingólfur Einarsson björgunarstjóri sagði að fjarskipti á vettvangi hafi ekki verið í lagi. Einnig sagði hann að slökkviliðsstjóri hafi fallið inn í fjöldann, æskilegt væri að hann væri með hvítan hjálm. Hann sagði að vegna anna björgunarstjóra yrði hann að hafa aðstoðarmann t.d. til að sinna fjarskiptum. Margt gekk mjög vel og má þar nefna að björgunarmenn gengu mjög ákveðið í sín verk og voru mjög hreyfanlegir og slökkviliðsmenn buðu sig fram til annarra starfa þegar slökkvistörfum var lokið. Hann nefndi að margir björgunarmenn væru nú að taka þátt í sinni fyrstu æfingu.

Jóhanna Kristjánsdóttir aðhlyningarstjóri sagði að enginn hafi verið á MÓT þegar hún mætti þar og hafi hún snúið sér strax í að setja upp SSS. Engin teppi voru á SSS og þarf að skilgreina í áætlun hvaða teppi eiga að tilheyra SSS. Fjarskipti við VS voru góð. Verr gekk að nota rás 3 og varð hún að fara út á flughlað til að það gengi. Skortur var á fólki á SSS t.d. til að bera sjúklinga. Hún sagði að allir hafi staðið sig mjög vel og voru hreyfanlegir milli starfa ef þess þurfti. Birgðaflutninga æfing gekk ekki upp. Mjög vel gekk að koma upp SSS, samvinna var frábær og allir mjög öruggir með sig, ekkert fát var á fólki. Gott flæði var í gegnum SSS og mjög vel gekk að nota greiningarspjöldin. Gott aðgengi var að flutningsstjóra og flutningar af svæðinu gengu vel. Engin vandamál komu upp í samskiptum við VS.

Gunnar Valgeirsson gæslustjóri sagðist hafa verið kominn kl. 13:18 á vettvang. Sagðist hann hafa verið sambandslaus á vettvangi í um 20 mínútur og hafi þá ekið að flugstöð og sótt þann mannskap sem hann vantaði. Skráðir voru 34 sjúklingar inn á SSS og 31 út og 3 voru látnir. Kl. 15:03 kom síðasti sjúklingur inn á SSS. Hann sagði að leikarar hafi staðið sig frábærlega. Vel gekk að vernda vettvang en hann varð að yfirgefa hann vegna fjarskiptaleysis.

Vignir Júlíusson flutningsstjóri sagði að það hafi komið sér á óvart hve hlutirnir gengu vel fyrir sig en menn yrðu að reyna að átta sig á hvernig þetta væri í ef til raunverulegs slyss kæmi. Hann sagði að gæslustjóri hafi týnst og olli það nokkrum erfiðleikum. Hjúkrunarfólk var fljótt að gera SSS klárt. Hann sagðist hafa náð sér í aðstoðarmann sem tók að sér allskonar snatt. Þá talaði hann um hvernig þetta væri ef til raunverulegs slyss kæmi, ef t.d. veðrið væri mun verra, þá þyrfti að hraða flutningum með slasaða inn í hús og það kallaði á meiri flutningsgetu. Hann sagði að það væri alltaf eitthvað vesen með fjarskipti og það væri gott að það hafi komið fram í æfingunni.

Páll Björnsson sýslumaður var í aðgerðarstjórn (AS). Stjórnandi þar var Björn Ingi Jónsson frá Björgunarfélagi Hornafjarðar. Páll sagði að allt hafi gengið prýðilega í AS og sagði að samskipti við Samhæfingarstöðina í Reykjavík hafi verið góð. Hann sagði að mjög vel hafi tekist til og þakkaði öllum sem áttu hlut að máli.

Ragnhildur Magnúsdóttir læknir sagði að æfingin hafi gengið mjög vel. Hún sagði að allir hafi vitað mjög vel hvað hlutverk þeirra var, sjúkraflutningamenn hafi staðið sig frábærlega. Einnig hafi björgunarstjóri hafi alltaf verið við hendina. Gott var að æfa notkun á greiningarspjöldunum. Hún sagðist ekki hafa verið með fjarskiptabúnað og taldi að það væri jafnvel bara kostur. Þá sagði hún að “Grænir” hafi ekki verið fluttir á heilsugæsluna og sagði að það hafi verið með vilja gert þar sem þeir gætu verið slasaðir og enginn læknir var til staðar á heilsugæslunni

Sr. Sigurður Sigurðsson sagði að nýta hefði mátt prestinn betur við að veita andlegan stuðning. Einnig hefði prestur nýst mjög vel á SSS líkt og gerist á slysadeild

LHS í Reykjavík þar sem prestur er kallaður strax út. Breyta þyrfti áætlunum hvað þetta varðar. Illa gekk að fá fólk til að leika aðstandendur en úr því rættist. Hugsanlega væri gott að bjóða upp á námskeið fyrir fólk sem væri tilbúið að taka að sér að leika sjúklinga/aðstandendur í svona æfingum. Allt gekk vel á SSA, allir gengu fumlaut að sínum störfum. Einnig sagði hann að það hafi verið gott að prestur fór á slysstað og aðstoðaði við að tæma flugstöðina. Að lokum sagði hann að öll samvinna hafi verið mjög góð.

Þórgunnur Torfadóttir sagði að öll starfsemi fjöldahjálparstöðvar hafi gengið vel. Allir verkþættir gengu upp og öll fræðsla nýttist vel. Hún sagði að samræma þyrfti betur upplýsingagjöf til aðstandenda. Þá þakkaði hún sínu fólk fyrir þátttökuna.

Porkell Ágústsson RNF sagði að það væri gott að koma á þessar æfingar og fá samanburð milli staða. Hann sagði að illa hafi gengið að ná sambandi við lögreglu en samhæfing við hana hafi svo gengið mjög vel. Einnig sagði hann að innri lokun hafi flosnað upp. Hann sagði að mikilvægt væri að skrá hvar farþegar væru áður en þeir væru fluttir burt. Þá sagði hann að björgunarstjóri hafi boðið fram aðstoð og hafi verið góð samvinna við hann.

Hjördís Guðmundsdóttir FMS sagði að raunverulega fréttin sem sagði frá æfingunni hafi ekki verið nógu jákvæð en áherslan í svona frétt væri alveg undir fréttamanninum komin. “Fréttamaðurinn” sem tók þátt í æfingunni fékk aldrei að vita neitt þrátt fyrir að hafa hringt í nokkra staði. Nauðsynlegt væri að fréttamenn gætu leitað upplýsinga hjá einhverjum aðila.

Friðrik ? þakkaði fyrir góða æfingu. Fundist hafi bæði slæmir og góðir punktar í æfingunni. Fjarskipti í flugstöðinni gengu illa og “át” sjálf byggingin fjarskiptin. Sennilega er um að kenna mikilli járnabindingu og járnklæðningu. Rás 3 virkaði ekki til samhæfingarstöðvar. Ekki virtust allir vara með á hreinu á hvaða tíðni þeir ættu að vinna og sumir gleymdu að taka með sér talstöðvar. VHF linkurinn frá HN til RK virkaði ágætlega en um flókna leið er að ræða. Sá linkur er enn í þróun. Björgunarmenn á slysstað notuðu ekki talstöðvar sín á milli heldu töluðu bara saman. Fyrirfram höfðu menn áhyggjur af því að fjarskiptaherbergi í AS er í nokkurri fjarlægð frá AS en í ljós kom að það er stór kostur og virkaði vel.

Ásgeir Núpan FMS sagði að einhver ruglingur hafi verið í sambandi við aksturshlið inn á flugvöllinn. Fjarskipti við viðbragðsaðila á leið á vettvang virkuðu ekki og flaggpóstar virkuðu ekki. Samstarf VS og TWR gekk vel. Mikil framför væri í að SSS væri í flugstöðvarbyggingunni en ekki úti í vélageymslu. Þá þakkaði hann fyrir góða æfingu.

Rögvaldur Ólafsson sagði að áhöfn samhæfingarstöðvarinnar hafi verið ræst út og kom fram mikil ánægja með samskiptin við AS. Hann sagði að orða mætti beiðnir betur og láta koma fram til hvers á að nota hlutina. Þakkaði hann fyrir gott samstarf.

Kristján Torfason FMS upplýsti af gefnu tilefni að flugtími milli RK og HN væri stytur til að vera innan tímaramma æfingarinnar. Þetta atriði væri æfingalegs eðlis og mættu þátttakendur ekki stimpla þetta inn hjá sér sem einhvern raunveruleika. Ef um raunverulegt flugslys hefði verið að ræða mætti búast við að flutningur slasaðra til RK hefði staðið eitthvað fram á kvöld.

Árni Birgisson FMS þakkaði öllum þátttakendum fyrir samstarfið og sleit æfingunni.



Vinsamlega athugið að þessi skýrsla svo og skýrslur annarra flugslysaæfinga og flugslysaáætlanir auk annars tengds efnis, má finna á:

www.flugmalastjorn.is

Flugslysamál.

Flugslysaáætlanir / Flugslysaæfingar.

Svipmyndir frá flugslysáæfingunni Hornafjörður 2006.



Nokkrar tímaskráningar:

- 13:02:00 Eldar kveiktir
- 13:05:16 Turn hringir í 112
- 13:05:39 Símtali við 112 líkur
- 13:07:00 Flugvallarslökkvilið af stað
- 13:08:30 Slökkvistarf hafið
- 13:09:45 Turnmaður af stað með neyðarkerru
- 13:17:00 Björgunarsveitarbíl á vettvang
- 13:17:35 Lögreglubíll á vettvang
- 13:18:15 Sjúkrabíll á vettvang
- 13:18:15 Héraðslæknir á vettvang
- 13:18:30 Kvennadeildarkonur á vettvang
- 13:24:05 Fjórir bílar frá slökkviliði
- 13:25:20 Ytri lokun klár
- 13:27:05 Greiningarsveit heilsugæslu á vettvang
- 13:30:00 Vettvangsstjórn tekur til starfa
- 13:36:00 Slökkvistarfi líkur
- 13:40:10 Fyrsti sjúklingur á SSS
- 15:28:30 Síðasti sjúklingur frá SSS
- 16:15:00 Vettvangsstjórn líkur störfum
- 16:20:00 Æfingu slitið